

Snæfellsjökull Glacier Tour ehf
Litla-Kambi
356 Snæfellsbær



Snæfellsbær 26. maí 2016
UST201512-165/B.R.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi fyrir atvinnustarfsemi í þjóðgarðinum Snæfellsjökli

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Snæfellsjökull Glacier Tours ehf, kt. 650314-1230, dags. 30. desember 2015, vegna umsóknar um leyfi fyrir atvinnustarfsemi í þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Sótt er um leyfi til að vera með jöklaverðir á snjótroðara og snjósleðum.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður 28. júní 2001 og um hann gilda ákvæði 47. og 82. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 auk ákvæða reglugerðar nr. 568/2001 um þjóðgarðinn Snæfellsjökul, eftir því sem þau geta átt við. Umhverfisráðherra staðfesti verndaráætlun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls 15. júní 2010 í samræmi við 22. gr. reglugerðarinnar.

Leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir hvers konar atvinnustarfsemi í þjóðgarðinum. Ferðapjónusta innan þjóðgarðsins skal skipulögð á grundvelli sjálfbærrar ferðamennsku, sbr. 17. gr. reglugerðar um þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Öllum er skylt að ganga vel og snyrtilega um þjóðgarðinn. Ekki má spilla þar gróðri, trufla dýralíf né hrófla við jarðmyndunum. Úrgangi skal komið fyrir í sérstökum sorpílátum, enda er óheimilt að fleygja úrgangi eða grafa hann, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 568/2001.

Í þjóðgörðum eru allar athafnir og framkvæmdir sem hafa varanleg áhrif á náttúru svæðisins bannaðar nema þær séu nauðsynlegar til að markmið friðlysingarinnar náist sbr. 3. mgr. 47. gr. náttúruverndarlagar nr. 60/2013. Mikilvægt er að sú starfsemi sem leyfð er í þjóðgarðinum skerði hvorki verndargildi hans né ímynd. Ráðgjafarnefnd þjóðgarðsins Snæfellsjökuls kom saman þann 17. mars 2016 og fundaði um stöðu ferðapjónustu innan þjóðgarðsins. Nefndarmenn voru allir sammála að marka þurfi skýra stefnu um atvinnustarfsemi innan þjóðgarðsins í samræmi við reglugerð nr. 568/2001 þjóðgarðinn. Vinnu við stefnumörkun er ekki lokið en á fundi ráðgjafarnefndar kom fram að til að hægt væri að heimila atvinnustarfsemi innan svæðisins þá þyrstu innviðir að geta borið þá aukningu sem ný þjónusta leiði af sér.

Lýsing:

Snæfellsjökull Glacier Tours ehf. sækir um leyfi til að vera með ferðir á snjótroðara og snjósleðum upp á topp Snæfellsjökuls. Keyrt er með ferðamenn á rútu eða jeppa að snjólínu frá Arnarstapa eða Litla-Kambi þar sem snjótroðari og snjósleðar eru og er keyrt þaðan upp á topp Jökulsins. Fjöldi ferðamanna í hverri snjótroðaraferð eru á bilinu 2-80. Að meðaltali má gera ráð fyrir 36 manns í hverri ferð en það er fjöldinn sem rúmast í einn troðara. Fjöldi ferða yfir sumartíma er 4-6 á dag en eftir samkomulagi og veðurfari á veturna. Fyrirtækið á og notar 3 snjótroðara en það fer sem fyrr segir eftir fjölda ferðamanna hverju sinni hversu margir eru í notkun. Farið er með snjótroðaranum upp að snjólínu í desember þar sem þeir eru og fylgja þeir snjólínunni fram í ágúst eða september þegar farið er með þá aftur niður á láglendi. Fyrirtækið á 7 snjósleða sem einnig eru geymdir á snjólínu frá desember og fram í júní eða júlí.

Áhrifamat:

Heimilt er að aka vélknúnum ökutækjum á jöklum og snævi þakinni jörð utan vega utan þéttbýlis svo fremi sem jörð sé frosin eða snjóþekjan traust og augljóst að ekki sé hætta á náttúruspjöllum, sbr. 2. ml. 1. mgr. 31. gr. náttúruverndarlagar nr. 60/2013. Sérreglur um takmörkun á akstri utan vega í auglýsingu um friðlysingu svæðis eða í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæði framar undanþágum frá banni við akstri utan vega samkvæmt 1. og 2. mgr. 31. gr. náttúruverndarlagar nr. 60/2013.

Umferð á vélknúnum ökutækjum í þjóðgarðinum er ferðamönnum aðeins heimil á vegum og bílastæðum. Akstur vélknúinna ökutækja á jöklri er háð leyfi þjóðgarðsvarðar, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 568/2001.

Í verndaráætlun segir að mikilvægt sé að hafa skyra stefnu um vegagerð að jöklinum, umgengni og umferð og eins hvernig tekið skuli á óskum um starfsemi á eða við jökulinn. Við þá vinnu er ávallt nauðsynlegt að hafa í huga verndun náttúru Snæfellsjökuls og smæð hans. Ekki er leyfilegt að byggja upp varanlega aðstöðu við jökulinn, þ.e. sú aðstaða sem er leyfð verður að vera flytjanleg og afturhverf.

Umhverfisstofnun telur að ferðir á snjótroðara og snjósleðum upp á topp Snæfellsjökuls skerði ekki verndargildi þjóðgarðsins Snæfellsjökuls enda verði farið eftir þeim reglum sem gilda um akstur á vélknúnum ökutækjum á jöklum og snævi þakinni jörð og þeim skilyrðum sem Umhverfisstofnun setur.

Niðurstaða:

Umhverfisstofnun veitir, Snæfellsjökull Glacier Tours ehf., kt. 650314-1230, fyrir sitt leyti leyfi til jöklaverða á snjótroðara og snjósleðum í atvinnuskyni á og við Snæfellsjökul innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls eins og fram kemur í umsókn fyrirtækisins. Á grundvelli þess að unnið er að nýrti ferðamálastefnu þjóðgarðsins, niðurstöður þolmarkagreininga liggja ekki fyrir og byggingu innviða er ekki lokið verður leyfið gefið út til tveggja ára að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Umgengnisreglum þjóðgarðsins Snæfellsjökuls samkvæmt reglugerð nr. 568/2001 verði fylgt og þær kynntar fyrir viðskiptavinum.
- Reglum um akstur á jöklum og snævi þakinni jörð verði fylgt í hvívetna.
- Öryggisáætlun vegna slysa á fólk og mengunarslysa, liggi fyrir eigi síður en 1. júlí 2016.
- Viðbragðsáætlun vegna slysa á fólk og mengunarslysa, liggi fyrir eigi síður en 1. júlí 2016.
- Í lok árs skal skila skýrslu til Umhverfisstofnunar með yfirliti um störf fyrirtækisins á hinu friðlýsta svæði. s.s fjölda ferðamanna, fjölda ferða og annað er varðar áhrif starfseminar á hið friðlýsta svæði.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik frá áður útgefinni verkefnalýsingu.
- Ganga skal vel og snytilega um þjóðgarðinn og fylgja ber öllum þeim lögum og reglum sem um þjóðgarðinn gilda.


Eftirlit:


Starfsmenn þjóðgarðsins Snæfellsjökuls sinna reglubundnu eftirliti á svæðinu. Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir eftirlit, 11.900 kr. samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar, nr. 535/2015 frá 16. júní 2015.

Kærumeild:

Umhverfisstofnun, með vísun í VII. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993, bendir á að heimilt er að kæra ákvörðun Umhverfisstofnunar til æðra stjórnvalds. Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Beina skal kæru til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Virðingarfyllst


Kristín Linda Árnadóttir
Forstjóri


Birna Heide Reynisdóttir

Sérfræðingur svið náttúru